

VALGEIR B. MAGNÚSSON

## MAT Á RAUNFÆRNI Í EYJAFIRÐI

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar hefur verið í samstarfi við IÐUNA fræðslusetur varðandi þróun raunfærnimats innan iðngreinanna á Eyjafjarðarsvæðinu og hafa nú tvö verkefni farið fram með þátttöku um 30 einstaklinga. Í lok síðasta árs var auglýst eftir þátttöku í raunfærnimati og sótti stór hópur um þátttöku úr ýmsum iðngreinum. Þeir einstaklingar, sem ekki uppfylltu skilyrðin, fengu viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa þar sem þeim var hjálpað með að finna leiðir til frekari færniuppbyggingar. Ákveðin skilyrði þarf að uppfylla, m.a. fimm ára starfsreynslu, og að vera orðinn 25 ára. Um 17 manns uppfylltu skilyrðin og var þetta blandaður hópur úr húsasmíði, húsamálun og pípulögnum. Sínu mest eftirspurn var í húsasmíðinni. Ferlið samanstendur af skimunarviðtali með náms- og starfsráðgjafa, færniöppugerð, matslistum sem er sjálfsmat í faggreinunum, matsviðtalinu og viðtali í lokin með náms- og starfsráðgjafa þar sem niðurstöður eru dregnar saman og markmið um framhald eru sett.

Þeir einstaklingar, sem tóku þátt í raunfærnimatinu, voru með mikla starfsreynslu að baki og þeir sem besta matið fengu voru með yfir 50 einingar metnar af faggreinum. Það er reynslan sem slíku mati fylgir að þetta er gríðarleg viðurkenning og hvatning fyrir viðkomandi einstaklinga. Gjarnan er sjálfsmatið lágt og lítil trú á námsgetu. Lesblinda og erfið fyrri námsreynsla er gjarnan ekki óalgeng. Hlutverk námsráðgjafans er mjög mikilvægt í þessu ferli að styðja við viðkomandi og hjálpa til með frekari þátttöku í námi með það að markmiði að ljúka sveinsprófi. Þeir sem luku raunfærnimatinu héldu allir áfram í frekara nám innan Verkmenntaskólans á Akureyri með það að markmiði að ljúka faggreinum. En Verk-

menntaskólinn hefur mætt þessum nemendum af mikilli jákvæðni og sveigjanleika og veitt þeim tækifæri til þess að ljúka sínu námi. Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar hefur einnig boðið upp á einingabært nám eins og Háskólastoðir og Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum en þar hafa þessir þátttakendur möguleika á að ljúka almennu bóklegu greinunum en flestir eiga það sammerkt að eiga þær eftir. Því er það mikilvægt fyrir slíka einstaklinga, sem ekki hafa verið í skóla um lengri tíma, að eiga þess kost að sækja slíka fullorðinsfræðslu í kvöldnámi. Markmið flestra þátttakenda er að ljúka námi í vetur og stefna á sveinspróf í vor. Sumir stefna á að bæta því við sem á vantar í fjarnámi um áramót.

Það er mat undirritaðs að raunfærnimat sé ein besta og skilvirkasta leiðin til að hvetja til frekari færniuppbyggingar. Það samstarf, sem orðið hefur í iðngreinunum í raunfærnimati, er dæmi um góða útfærslu á raunfærnimati sem skilar einstaklingunum árangri og endurspeglar raunverulega færni einstaklinganna.

## UM HÖFUNDINN

Valgeir Magnússon er náms- og starfsráðgjafi hjá Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar.



Valgeir B. Magnússon